

Eftirfarandi samþykkt var gerð á fundi stjórnar Félags eldri borgara í Hafnarfirði 19. desember. 2011.

Stjórnin mótmælir harðlega þeim skerðingum á kjörum eftirlaunabega er felast í nýsamþykktum fjárlögum fyrir árið 2012 og samþykktum á öðrum lögum um fjármál (bandorminum) sem samþykkt voru nú á síðustu dögum Alþingis, fyrir jólafrí.

Við gerð síðustu kjarasamninga á almennum markaði gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu um ýmsa þætti, til lausnar kjaradeilunni.

Meðal annars hét ríkisstjórnin því, að eftirlaunabegar myndu fá hliðstæðar hækkanir og laun þeirra lægst launuðu á vinnumarkaði.

Varla var blekið þornað á samningunum er ríkisstjórnin hóf svik sín við gefin loforð er hún ákvað að stað 10,3% hækkunar skyldu lægstu bætur eftirlaunabega hækka um aðeins 6,5% og sumir bótaflokkar um 8,1%.

Ekki teljast þessar hækkanir hliðstæðar við 10,3% og því um svik ríkisstjórnarinnar að ræða við gefin loforð.

Þann 1. febrúar næstkomandi eiga öll laun að hækka um 6,5% og gildir sama yfirlýsing stjórnvalda um hliðstæðar hækkanir bóta.

Í fjárlögum er aðeins gert ráð fyrir 3,5% hækkun bóta. Er þar á ný um bein svik að ræða á gefnum loforðum ríkisvaldsins.

Þessu til viðbótar má bæta við að 1. júlí 2009 tók gildi skerðing á lífeyri vegna tengingar grunnlífeyris og bóta frá lífeyrissjóðunum.

Því til viðbótar var skerðing vegna tekna umfram frítekjumark hækkuð úr 38,35% í 45%. Við þessar skerðingar missti fjöldi bótaþega allar bætur frá ríkinu og tekjur þúsunda lífeyrisþega urðu fyrir skerðingu. Nú er svo komið að eftirlaunabegar er vilja auka ráðstöfunartekjur sínar með vinnu mega ekki afla meira en 40 þúsund króna á mánuði fyrir skatt ella þurfa þeir að greiða 40% skatt og sæta 45% skerðingu bóta. Þeir halda sem sagt eftir 15 krónum af hverjum hundrað sem þeir afla.

Afleiðingar þessa eru þær að sífellt færri bótaþegar leita sér að atvinnu og mikilvæg reynsla og þekking fer þar með í súginn.

Stjórn FEBH bendir á neyslukönnun Hagstofunnar sem leiddi í ljós að meðaltalsútgjöld einstaklinga eftir skatt og greiðslur af lánum voru 290 þúsund í desember 2010 og eru framreiknuð yfir 300 þúsund.

Grunnlífeyrir er nú, sem sagt, góðum hundrað þúsund krónum undir neysluviðmiðun.

Þá skal þess getið, að í fjárlögum 2012 og lögum þeim tengdum felast ýmsar álögur sem enn munu rýra lífsafkomu lífeyrisþega.

Má þar nefna hækkun eldsneytisgjalds um 3,50 krónur á lítra auk ýmissa álaga á atvinnulífið sem leka munu út í verðlagið og þar með hækka nauðsynleg útgjöld.

Stjórn félags eldri borgara í Hafnarfirði lýsir því yfir, að mælirinn er löngu fullur, allt of langt hefur verið gengið í skerðingum til þeirra sem minnst mega sín.

Stjórnin bendir á fréttir frá hjálparsamtökum um að fjöldi ellilífeyrisþega sem óska eftir mataraðstoð sé að stóraukast og allt bendi til að sú þróun muni herða á sér.

Stjórnin gerir þá kröfu, að Alþingi leiðrétti strax að loknu jólafríi, þær skerðingar sem fólust í aðgerðum 1. júlí 2009 og vanefndum á hækkunum 1.

júní 2011 og 1. febrúar 2012.

Jafnframt taki stjórnvöld upp viðræður við hagsmunasamtök aldraðra um raunhæfa áætlun um bætt kjör bótaþega sem miði að því að innan fárra ára verði lífeyrisbætur komnar upp í neysluviðmið og verði skattleysismörk jafnframt miðuð við þau mörk.

Stjórnin mun berjast fyrir því að hagsmunasamtök aldraðra beiti sér á öflugan hátt til að hnekkja því óréttlæti er felst í aðgerðum stjórnvalda.

Fyrir hönd stjórnar Félags eldri borgara í Hafnarfirði Jón Kr. Óskarsson formaður.

